

9.12.2011

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/757**  
**komudagur 9.12.2011**

Atvinnuveganefnd

Ágætu nefndarmenn,

Ég biðst forláts á að senda þessar línur seint en vegna anna hef ég ekki haft tíma fyrr en nú, því þegar mér barst ósk um að gefa umsögn um frumvarpið var ég staddur úti á landi við framleiðslu Game of Thrones, sem er eitt af þeim verkum sem njóta endurgreiðslu þetta ár. Það er nokkuð ljóst að löggin um endurgreiðslu hafa haft mjög jákvæð áhrif fyrir kvikmyndagerð hér á landi og laðað að nokkurn fjölda erlendra kvikmynda og sjónvarpsþátt sem hefðu ekki verið teknir upp hér á landi ef löggin væru ekki til staðar.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, er að finna ánægjulegar breytingar.

Sumt er þó óljóst eins og [1.gr.](#) Er hér átt við heildar framleiðslukostnað fullbúinnar kvikmynda eða er átt við heildar kostnað við framleiðslu þess hluta sem framleiddur er hér á landi?

[3.gr.](#) Mér finnst ástæðulaust að undanskilja stuttmyndir. Þær geta uppfyllt öll sömu skilyrði sem kvikmyndir og sjónvarpsmyndir gera. Ekki mun borga sig að stofna fyrirtæki til að fá endurgreiðslu af ódýrri stuttmynd þannig að lítil hætta er á umsóknum um endurgreiðslu af framleiðslu þeirra muni fjölga. Hinsvegar gæti verið bagalegt að útiloka þær því til eru "stórar" og fjárfrekar stuttmyndir sem framleiddar eru erlendis og þær gætu mögulega verið teknar upp hér og eru þá hluti af atvinnu skapandi verkefnum.

Ég fagna breytingum á 5. grein varðandi hækkun þaks upp í 85%.

Heimild ráðherra til að fresta endurgreiðslu er með öllu óviðunandi fyrir framleiðendur.

Tilgangi laganna hefur verið náð með því að kvikmynd eða sjónvarpsefni hafi verið framleitt hér á landi með þeim fjárhagslega ávinningi sem starfsemin hefur í för með sér. Sá ávinningur kemur strax inn í hagkerfið og því engin sjáanleg rök fyrir frestun, nema að alþingi er sett í þá stöðu að samþykkja fjárútlát eftirá. Hér þurfa menn að horfa til þess að ekki er um raunverulegan kostnað fyrir ríkissjóð því tekjur koma strax á móti í formi skattheimtu.

Virðingarfyllst,

Snorri Þórisson  
Kvikmyndaframleiðandi